



Borgarráð

Hringrásargarður á Álfsnesi

Lagt er til að settur verði á fót starfshópur til að taka afstöðu til og útfæra tillögur um Hringrásargarð á Álfsnesi. Hópurinn verði skipaður fulltrúum umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og Sorpu bs. auk þess sem samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og samtökum atvinnulífsins verði boðið að skipa fulltrúa í hópinn.

Greinargerð:

Eitt stærsta verkefni næstu ára verður að innleiða Hringrásarhagkerfi í auknum mæli, þar sem munir og efni er betur nýtt, endurnýtt og endurunnið. Markmiðið er að minnka sóun og bæta nýtingu.

Hringrásargarður á Álfsnesi getur orðið mikilvægur liður í að efla hringrásarhagkerfið í Reykjavík og að innleiða Græna plan Reykjavíkur. Nýverið hafa komið fram fjölmargar hugmyndir og ábendingar um aukið samstarf, verkefni og nýsköpun sem þarf að koma til þannig að ná megi markmiðum um að hætta urðun og stuðla að því að svo kallaðir úrgangsstraumar verði að auðlindum.

Í nýlegri skýrslu var dregið fram að framtíðar brennslustöð fyrir Suð-Vesturhorn landsins væri best fyrir komið í Álfsnesi. Einnig hefur Sorpa hreyft því að framtíðarstaðsetning flokkurnarstöðvar fyrirtækisins sem nú er í Gufunesi ætti betur heima í betri nánd við jarð- og gasgerðarstöðina í Álfsnesi. Sú breyting gæti jafnvel átt sér stað innan þriggja til fimm ára. Fyrirtæki sem byggja á nýsköpun og bættri nýtingu úrgangsstrauma og fyrirtæki á sviði endurvinnslu gætu einnig haft hag af staðsetningu eða samstarfi í slíkum hringrásargarði eða á vettvangi hans. Því ert lagt til að fulltrúi atvinnulífsins komi að mótun hugmyndanna.

Umræðan um urðunarstaðinn í Álfsnesi og áhrif hans á nærumhverfi sitt undirstrikar mikilvægi samráðs og opinnar umræðu um ofangreindar hugmyndir. Því er lagt til að fulltrúi nágrannasvætiarfélaga Reykjavíkur komi að mótun hugmyndanna. Eru vonir bundnar við að það geti leitt til breiðrar sáttar um feril málsins og tillögugerð.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri